

Umhverfissráðuneytið  
Sigurður Þráinsson  
deildarstjóri  
Skuggasund 1  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 04. desember 2006  
2006050030/42-8  
HeTo/SB/ph

## Umsögn vegna rannsóknarleyfis fyrir Hitaveitu Suðurnesja í Krýsuvík

Vísað er til bréfs ráðuneytisins frá 21. nóvember sl. þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um fyrirhugaða útgáfu rannsóknarleyfis á jarðhita á Krýsuvíkursvæðinu til handa Hitaveitu Suðurnesja. Með bréfinu fylgir greinargerð frá ÍSOR (06170). Náttúrufræðistofnun hefur áður gefið umsögn um rannsóknir á jarðhita á Reykjanesi með bréfi dags. 30. maí 2006. Í þeirri umsögn var lagst gegn óheftu rannsóknarleyfi til handa Hitaveitu Suðurnesja á því stóra svæði sem afmarkað var á korti þar sem það næði langt út fyrir megin lágviðnámssvæði sem afmarkaði jarðhitann í Krýsuvík.

Náttúrufræðistofnun gerir athugasemdir við nokkur atriði vegna veitingar rannsóknarleyfis á Krýsuvíkursvæði.

1) Ný greinargerð frá ÍSOR (06170) skýrir ekki til fulls fyrirhugaðar rannsóknir. Borstaðir eru þó merktir á kort í skýrslunni og er það framför. Eldri borholur eru merktar á kortið og hefði verið til bóta að hafa númer þeirra einnig á kortinu. Einnig hefði verið gagnlegt að hafa "hringlaga frávik, um 8 km í þvermál ofan 800-1000 m dýpis" merkt á kortið. Yfirborðsrannsóknir í Krýsuvík hafa staðið yfir með hléum í yfir 50 ár (Halldór Ármannsson og Sverrir Þórhallsson, 1996, Orkustofnun) og þekking á svæðinu er mikil.

2) Í nýrri greinargerð ÍSOR (06170) eru engar skýringar gefnar á stærð rannsóknarsvæðisins, sem Náttúrufræðistofnun hefur áður gagnrýnt. Stofnunin óskar því enn eftir rökstuðningi fyrir stærð rannsóknarsvæðisins, einkum til austurs, inn á friðlýst fjalllendi Brennisteinsfjalla. Í greinargerð ÍSOR segir á bls.3: "Grænt á korti afmarkar það landavæði sem yfirborðsrannsóknir ná til. Allstór hluti þess er þegar rannsakaður að því marki sem mikilvægustu yfirborðsrannsóknir ná. Þær skilja ekki eftir nein ummerki og því ástæðulaust að amast við þeim". Sé svæðið þegar fullrannsakað virðist óþarfi að halda því innan rannsóknarsvæðisins!

3) Í greinargerð ÍSOR eru talin upp þrjú fyrirhuguð borsvæði á Trölladyngjurein en aðeins tvö eru merkt á kortið. Svæðið sem vantar er milli Oddafells og Soga, en þar eru ung hraun og gígaraðir. Fyrirliggjandi gögn eiga að nægja til að staðsetja borsvæði á þessum stað og eru þetta sennilega mistök í útprentun kortsins. Engu að síður verður að benda á að þessir staðir eru allir viðkvæmir frá náttúruverndarsjónarmiðum og ástæða til að fara varlega.

4) Ekki er "Ótímabært að ákveða borstaði niðurdælingaholna..." (ÍSOR 06170, bls. 4) heldur er fullkomlega eðlilegt að framkvæmdaraðili geri sér strax grein fyrir því hvar mögulegt er að

staðsetja slíkar holur. Það er einnig fullkomlega eðlilegt að slíkir staðir hafi talsverða óvissu í staðsetningu, t.d. 2-300 m.

5) Í greinargerð ÍSOR er réttilega bent á að erfitt er að gera grein fyrir rannsóknar- og síðar vinnsluborunum þegar rannsóknarboranir eru rétt hafnar. Það er því einnig erfitt að gefa umsögn um slíkar rannsóknir og enn erfiðara að meta væntanlega vinnslu. Ef til vill er því rétt að stytta það tímabil sem rannsóknarleyfi nær yfir í t.d. 5 ár.

6) Í skýrslu ÍSOR eru nefnd þrjú borsvæði á Krýsuvíkurein. Austurengjahver, Köldunámur og Hveradalir en einnig er merktur 15 km<sup>2</sup> reitur "... ef einhvers staðar innan hans skyldi finnast vinnsluhæfur jarðhiti. Á þessum reit er mestallur jarðhiti í Krýsuvík..." Ekki er ljóst af hverju þessi reitur er tekinn fram, en innan hans eru Austurengjahver og Hveradalir. Ef ætlunin er að hafa "frjálsar hendur" með boranir innan þessa reits verður það að teljast fullkomlega óeðlilegt. Krýsuvík er mjög fjölsóttur ferðamannastaður og svæðið nýtt til útivistar. Ennfremur eru þarna staðir sem eru verndaðir skv. náttúruverndarlögum og nokkrir eru á náttúruminjaskrá.

Almennt séð eru áætlanir Hitaveitu Suðurnesja um rannsóknir á Krýsuvíkursvæði fremur óljósar. Gagnlegt hefði verið að ÍSOR gerði grein fyrir hvaða jarðeðlis-, jarðefna-, umhverfis-, eða jarðfræðirannsóknir þarf að gera til viðbótar við þær 50 ára rannsóknir sem fyrir liggja.

Stofnunin leggur til að rannsóknarleyfi verði veitt með eftirfarandi skilyrðum:

- Skýrari rannsóknaráætlun verði gerð
- Niðurstöður rannsókna séu aðgengilegar almenningi
- Rannsóknarsvæði verði skipt í A hluta þar sem aðeins eru yfirborðsrannsóknir og B hluta þar sem fyrstu sex borstaðir eru afmarkaðir með t.d. 100 m óvissu.
- Rannsóknarleyfi verði til 5 ára þar sem leyfishafi getur skv. fyrirbyggjandi upplýsingum ekki gefið skýringar á fyrirhuguðum rannsóknum nema stutt inn í framtíðina
- Í 8. gr bætist inn í setninguna: .....taka tillit til og hafa samráð við aðila sem stunda nýtingu **innan eða** í nágrenni rannsóknarsvæðisins." Talsverð nýting er innan rannsóknarsvæðisins og er þá vísað til ferðaþjónustu. Sjálfsagt er að taka tillit til slíkrar starfsemi t.d. þegar lagðir eru slóðar, borplön, byggðir hljóðdeyfar eða annað. Beðið verði eftir niðurstöðum rammaáætlunar sem verið er að vinna að.

Virðingarfyllst

Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

